

Skilgreiningar, markmið og aðgerðir í Suðurlandskafla aðgerðaáætlunar sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Vesturlandi, Suðvesturlandi og Suðurlandi

1. Inngangur

Þetta skjal hefur að geyma skilgreiningar, markmið og aðgerðir í Suðurlandskafla aðgerðaáætlunar sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Vesturlandi, Suðvesturlandi og Suðurlandi, þ.e. þess hluta áætlunarinnar sem fjallar um starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands (SOS). Skjalið er útdráttur úr stærra skjali þar sem finna má nánari skýringar á þeim aðgerðum sem hér eru tilgreindar. Líta ber á bæði skjölin sem drög.

1.1 Söfnunarkerfi – aðgerðir

1.1.1. Söfnunarkerfi

Fyrirsjáanlegar eru breytingar á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs vegna innleiðingar fjögurra tilskipana ESB sem samþykktar voru 30. maí 2018. Þar verður m.a. gerð krafa um að söfnunarkerfi sveitarfélaga tryggji nægjanlega aðgreiningu tiltekinna úrgangsflokka sem ætlaðir eru til endurvinnslu. Þetta verður væntanlega m.a. gert með samræmdum merkingum tiltekinna úrgangsflokka.

1.1.1.1. Samræming söfnunarkerfa

<i>Framkvæmd:</i>	Söfnunarkerfi allra sveitarfélaga á starfssvæði SOS samræmd með hliðsjón af kröfum laga nr. 55/2003 með síðari breytingum varðandi skyldu til sérsöfnunar tiltekinna úrgangsflokka og samræmdar merkingar.
<i>Ábyrgðaraðilar:</i>	SOS og einstök sveitarfélög
<i>Tímasetning:</i>	31. desember 2021 eða í síðasta lagi að lokinni innleiðingu tilskipana ESB frá 2018 um meðhöndlun úrgangs

1.2 Einstakir úrgangsflokkar – aðgerðir

1.2.1. Dýraleifar

Óheimilt er að urða dýraleifar í áhættuflokki 1 (skv. 4. gr. Evrópureglugerðar nr. 1774/2002) og í aðalatriðum einnig í áhættuflokki 2 (skv. 5. gr. Evrópureglugerðar nr. 1774/2002), heldur ber alla jafna að eyða þessum leifum með brennslu í brennslustöð sem stenst skilyrði reglugerðarinnar. Orkugerðin ehf. í Flóahreppi vinnur hins vegar kjötmjöl og fitu unnin úr dýraleifum í áhættuflokki 3 (skv. 6. gr. Evrópureglugerðar nr.

1774/2002). Í undirbúningi er uppsetning brennslustöðvar fyrir dýraleifar í áhættuflokki 1 og 2 á athafnasvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. á Strönd.

1.2.1.1. Áframhaldandi rekstur Orkugerðarinnar ehf.

<i>Framkvæmd:</i>	Rekstur Orkugerðarinnar ehf. tryggður til frambúðar, m.a. með því að þangað fari allar þær dýraleifar frá Suðurlandi sem leyfilegt er að nýta í slíkri vinnslu
<i>Ábyrgðaraðilar:</i>	SOS og stjórn Orkugerðarinnar ehf.
<i>Tímasetning:</i>	Nú þegar og út gildistíma svæðisáætlunarinnar

1.2.1.2. Uppbygging og rekstur brennslustöðvar fyrir dýraleifar

<i>Framkvæmd:</i>	Brennslustöð fyrir dýraleifar í áhættuflokki 1 og 2 byggð á athafnasvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. á Strönd
<i>Ábyrgðaraðilar:</i>	SOS og Sorpstöð Rangárvallasýslu
<i>Tímasetning:</i>	Brennslustöð tilbúin til notkunar fyrir árslok 2021

1.2.2. Heyrúlluplast

Meirihluti heyrúlluplasts sem til fellur á Suðurlandi fer til endurvinnslu, en markmiðið er að allt plastið skili sér í þennan farveg.

1.2.2.1. Fræðsla um mikilvægi endurvinnslu á heyrúlluplasti

<i>Framkvæmd:</i>	Gefið út fræðsluefni um mikilvægi vandaðra vinnubragða við söfnun á heyrúlluplasti, um endurvinnslu þess og um þá endurvinnslufarvegi sem þegar eru til staðar, svo sem í samstarfi við Pure North Recycling. (Getur tengst sambærilegri aðgerð v/plastumbúðir)
<i>Ábyrgðaraðilar:</i>	SOS og einstök sveitarfélög í samvinnu við Úrvinnslusjóð
<i>Tímasetning:</i>	Árið 2021

1.2.3. Bylgjupappi

Flest bendir til að yfirgnæfandi hluti þess bylgjupappa sem fellur til á Suðurlandi skili sér í endurvinnslu. Því er ekki talin þörf á sérstökum aðgerðum hvað þennan úrgangsflokk varðar.

1.2.4. Sléttur pappi og fernur

Talið er að endurvinnsluhlutfall á sléttum pappa og fernum frá Suðurlandi sé um 70%, en samkvæmt tilskipunum ESB frá 2018 þarf hlutfallið að vera komið í 85% árið 2030. Með auknum kröfum um sársöfnun sem forsendu endurvinnslu kann að verða nauðsynlegt að safna þessum úrgangsflokki aðskildum frá plastumbúðum, en þessum flokkum er safnað í sömu ílát í nokkrum sveitarfélögum.

1.2.4.1. Aðskilin sérsöfnun pappa og pappírs annars vegar og plasts hins vegar

<i>Framkvæmd:</i>	Komið á söfnunarkerfi (t.d. fjögurra tunna kerfi) þar sem pappa og pappír er safnað í önnur ílát en plastumbúðum, þ.e. í þeim sveitarfélögum þar sem það hefur ekki þegar verið gert
<i>Ábyrgðaraðilar:</i>	SOS og hlutaðeigandi sveitarfélög
<i>Tímasetning:</i>	Árið 2022

1.2.5. Plastumbúðir

1.2.5.1. Fræðsla um mikilvægi endurvinnslu plastumbúða

<i>Framkvæmd:</i>	Gefið út fræðsluefni um mikilvægi vandaðra vinnubragða við söfnun á plastumbúðum, um endurvinnslu þeirra og um þá endurvinnslufarvegi sem þegar eru til staðar (getur tengst sambærilegri aðgerð v/heyrúlluplast)
<i>Ábyrgðaraðilar:</i>	SOS og einstök sveitarfélög í samvinnu við Úrvinnslusjóð
<i>Tímasetning:</i>	Árið 2021

1.2.6. Drykkjarumbúðir með skilagjaldi

Ætla má að yfirgnæfandi hluti skilagjaldsumbúða úr áli og plasti skili sér til endurvinnslu. Glerumbúðir eru hins vegar ekki endurunnar, heldur eingöngu nýttar til landmótunar o.þ.h. Því þarf að gera sérstakar ráðstafanir til að stuðla að því að lögbundin markmið um 70% endurvinnsluhlutfall glerumbúða verði uppfyllt fyrir árslok 2025. Einstök sveitarfélög hafa takmarkaða möguleika til að stuðla að þessu, en geta þó hvatt til samstarfs og tekið þátt í því.

1.2.6.1. Samstarf um endurnotkun og endurvinnslu glerumbúða

<i>Framkvæmd:</i>	Frumkvæði að stofnun samstarfshóps sveitarfélaga á Suðurlandi, Umhverfisstofnunar, Úrvinnslusjóðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Endurvinnslunnar til að koma á endurnotkun eða endurvinnslu glerumbúða
<i>Ábyrgðaraðilar:</i>	SOS í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga
<i>Tímasetning:</i>	Fyrir árslok 2021

1.2.7. Hjólbarðar

Ætla má að meðhöndlun þessa úrgangsflokks sé viðunandi og ekki verður séð að hún kalli á sérstakar aðgerðir af hálfu sveitarfélaga á starfssvæði SOS.

1.2.8. Ökutæki

Ekki verður séð að ráðstöfun þessa úrgangsflokk kalli á aðgerðir af hálfu sveitarfélaga á starfssvæði SOS.

1.2.9. Óvirkur úrgangur

Með hugtakinu *óvirkur úrgangur* er átt við „úrgang sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega“, þ.e. úrgang á borð við gler, múrbrot, keramik og grýttan jarðveg (án moldar). Nokkuð hefur borið á að hugtakið sé notað í víðari merkingu og þá jafnvel látið ná yfir stóran hluta af því sem með réttu telst grófur úrgangur, þ.m.t. húsgögn o.fl. Magn óvirks úrgangs eykst væntanlega með betri árangri í flokkun. Æskilegt er að urðun óvirks úrgangs fari fram á sérstökum urðunarstöðum fyrir þennan úrgangsflokk, þar sem þar er heimilt að víkja frá þeim kröfum um botnþéttingu, gassöfnun, vöktun o.fl. sem annars gilda um urðunarstaði. Þar af leiðir að hægt á að vera að urða óvirkan úrgang með mun lægri tilkostnaði en blandaðan úrgang. Heimilt er að urða allt að 2.500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári á Strönd. Þar af leiðandi kallar ráðstöfun þessa úrgangsflokks ekki á aðgerðir af hálfu sveitarfélaga á starfssvæði SOS.

1.2.10. Timbur

Timbur telst ekki heimilisúrgangur í skilningi laga, að frátöldum við sem er safnað með öðrum úrgangi frá heimilum í reglubundinni sorphirðu. Timbur fellur því ekki undir ákvæði laga um endurvinnslumarkmið. Full ástæða er til að bæta nýtingu þess timburs sem verður að úrgangi, en ráðstöfun úrgangsflokksins er þó ekki talin kalla á aðgerðir af hálfu sveitarfélaga á starfssvæði SOS.

1.2.11. Grófur úrgangur

Grófur úrgangur telst ekki heimilisúrgangur í skilningi laga og fellur því ekki undir ákvæði um endurvinnslumarkmið. Líkur benda til að í þessum úrgangsflokki felist veruleg tækifæri, bæði til betri nýtingar og kostnaðarlækkunar. Þessi tækifæri gætu falist í aukinni flokkun byggingarúrgangs, einkum í óvirkan úrgang (steypubrot, múrsteina, flísar og gler), timbur og málma, svo og í einhvers konar forvinnslu á dýnum og húsgögnum. Ráðstöfun þessa úrgangsflokks er þó ekki talin kalla á aðgerðir af hálfu sveitarfélaga á starfssvæði SOS.

1.2.12. Lífúrgangur

Með lífúrgangi er átt við lífbrjótanlegan garðaúrgang, matar- og eldhúsúrgang frá heimilum, skrifstofum, veitingastöðum, heildsölum, mótuneytum, veisluþjónustufyrirtækjum og smásölum, og sambærilegan úrgang frá vinnslustöðvum matvæla.

Öll sveitarfélög á starfssvæði SOS hafa tekið upp sérstaka söfnun á lífúrgangi. Endurvinnsla úrgangsins fer í flestum tilvikum fram í aðstöðu stóru gámafélaganna (Íslenska gámafélagið (ÍGF) og Terra) á Selfossi eða á höfuðborgarsvæðinu. Garðaúrgangur fer þó yfirleitt ekki í þennan farveg, heldur er hann í mörgum tilvikum látinn safnast upp á jarðvegstippum eða á álíka stöðum, án nokkurrar raunverulegrar endurvinnslu.

Núverandi endurvinnsluleiðir lífúrgangs frá Suðurlandi eiga þær það sameiginlegt að vera ekki bundnar til langs tíma. Þar af leiðandi hafa sveitarfélögin á svæðinu, hvert fyrir sig

eða sameiginlega, tækifæri til breytinga með skömmum fyrirvara ef betri kostir bjóðast. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að lífúrgangur er frábrugðinn öðrum úrgangsflokkum sem safnað er til endurvinnslu að því leyti að unnt er að koma upp staðbundinni vinnslu úr honum, jafnvel þótt um lítið magn sé að ræða. Ráðstöfun úrgangsflokksins er ekki talin kalla á brýnar aðgerðir af hálfu sveitarfélaga á Suðurlandi, en vegna sérstöðu þessa flokks er þó mikilvægt að vel sé fylgst með þróun mála í endurvinnslu og að ákvarðanir um endurvinnsluleiðir til lengri og skemmri tíma séu teknar með hliðsjón af þeirri þróun.

1.2.12.1. Vöktun þróunar v/endurvinnslu lífúrgangs

<i>Framkvæmd:</i>	Stöðugt fylgst með nýjungum og þróun í endurvinnslu lífúrgangs með háþyrkingu auðlindanýtingar að leiðarljósi
<i>Ábyrgðaraðilar:</i>	SOS og einstök sveitarfélög á Suðurlandi
<i>Tímasetning:</i>	Stöðugt og áframhaldandi

1.2.13. Fatnaður, skófatnaður og textíll

Í nær öllum sveitarfélögum á Suðurlandi hafa íbúar aðgang að gámum frá Rauða krossinum eða öðrum aðilum, þar sem hægt er að skila fatnaði og öðrum textílvörum til endurnotkunar eða endurvinnslu. Ákvæði Evróputilskipana um sérsöfnun textílefna taka gildi á Íslandi í síðasta lagi 1. janúar 2025. Ekki er fullljóst hvort núverandi söfnunaraðferð verði talin uppfylla þetta ákvæði, en á þessu stigi er ráðstöfun þessa úrgangsflokk ekki talin kalla á aðgerðir af hálfu sveitarfélaga á starfssvæði SOS.

1.2.14. Raftæki

Ekki er ástæða til að ætla annað en ráðstöfun raftækjaúrgangs á starfssvæði SOS sé viðunandi og því er ekki gerð tillaga um aðgerðir hvað þetta varðar af hálfu sveitarfélaga á svæðinu.

1.2.15. Málmar aðrir en ökutæki

Málmar koma til með að hafa þá sérstöðu í lagalegu tilliti að sérsöfnun verður ekki gerð að skilyrði þess að úrvinnslan flokkist sem endurvinnsla. Ekki verður séð að ráðstöfun þessa úrgangsflokk kalli á aðgerðir af hálfu sveitarfélaga á starfssvæði SOS.

1.2.16. Spilliefni

Ekki er ástæða til að ætla annað en ráðstöfun spilliefna á starfssvæði SOS sé viðunandi. Ákvæði Evróputilskipana um sérsöfnun spilliefna taka gildi á Íslandi í síðasta lagi 1. janúar 2025. Ekki er fullljóst hvort núverandi söfnunaraðferð verði talin uppfylla þetta ákvæði, en á þessu stigi er ráðstöfun þessa úrgangsflokk ekki talin kalla á aðgerðir af hálfu sveitarfélaga á starfssvæði SOS.

1.2.17. Kertaafgangur

Kertaúrgangur telst vera heimilisúrgangur í skilningi laga og því er brýnt að koma honum til endurvinnslu til að stuðla að markmið um endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs náist.

Á þessu stigi eru þó ekki gerðar sértækar tillögur um aðgerðir af hálfu sveitarfélaga á starfssvæði SOS hvað þennan úrgangsflokk varðar.

1.2.18. Seyra

Ekkert virðist því til fyrirstöðu að öll sú seyra sem til fellur á starfssvæði SOS sé meðhöndluð í þeirri aðstöðu sem komið hefur verið upp á Flúðum. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel, aðstaðan er til staðar og uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru. Því verður ekki séð að þörf sé á að leita annarra leiða til nýtingar seyrunnar.

1.2.19. Blandaður úrgangur (óflokkaður)

Á síðustu áratugum hefur langstærstur hluti þess blandaða úrgangs sem fallið hefur til á Suðurlandi farið í urðun, en nú er þessi úrgangur að mestu fluttur út til brennslu í sorporkuverum í Evrópu. Slík brennsla flokkast sem endurnýting í skilningi laga. Útflutningurinn hefur haft aukinn kostnað í för með sér en um leið hefur skapast sterkur hvati til bættrar flokkunar. Fyrirhugaður urðunarskattur, ef af verður, mun væntanlega jafna út kostnaðarmuninn milli urðunar (förgunar) og brennslu til orkunýtingar (endurnýtingar), sem mun styrkja þennan hvata enn frekar. Þar við bætast nýjar lagakröfur um flokkun úrgangs frá heimilum og fyrirtækjum, svo og um sérsöfnun, endurvinnsluhlutföll og minnkandi urðun. Því má fastlega gera ráð fyrir að magn blandaðs úrgangs fari minnkandi. Engu að síður er afar mikilvægt, bæði fyrir SOS og önnur sorpsamlög, að fylgjast grannt með þróun mála og tryggja að farvegir til förgunar verði áfram til staðar. Unnið er að könnun möguleika á uppbyggingu háhitabrennslu á Íslandi og samanburði á kostum og göllum slíkrar brennslu við útflutning og orkuvinnslu erlendis. SOS mun taka fullan þátt í þessari vinnu en förgun blandaðs (óflokkaðs) úrgangs kallar að öðru leyti ekki á sérstakar aðgerðir af hálfu samlagsins.